

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um aðgerðir gegn matarsóun.

Frá Brynhildi Pétursdóttur.

1. Hefur innan ráðuneytisins verið brugðist við ábendingum Samkeppniseftirlitsins, sem fram koma í kafla 5.3 í skýrslu stofnunarinnar Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði, frá mars 2015, um leiðir til að draga úr matarsóun sem hlýst af einhliða skilarrétti dagvöruverslana á matvörum gagnvart birgjum?
2. Liggur fyrir hversu mikið af matvælum er hent vegna þessa einhliða skilarréttar?
3. Hefur ráðherra látið framkvæma mat á því hvort lög sambærileg þeim sem nýlega voru samþykkt í Frakklandi, sem leggja bann við því að matvöruverslanir yfir ákveðinni stærð hendi mat, mundu gagnast hér á landi til að sporna gegn matarsóun? Mun ráðherra beita sér fyrir slíkri lagasetningu?

Skriflegt svar óskast.